

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
2.0	GRB	- 6. NOV. 2019
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. Oné
St. A	SAS.	1911048

Akraneskaupstaður
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík, 1. nóvember 2019

Tilvísun: 2019061186/VIS

Efni: Ráðgjöf vegna fyrirhugaðrar opunar bókhalds Akraneskaupstaðar og mats á áhrifum á persónuvernd

1. Erindi Akraneskaupstaðar

Með tölvupósti 5. júní 2019 óskaði Akraneskaupstaður eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd vegna fyrirhugaðrar enduropnunar bókhalds kaupstaðarins, en Persónuvernd hafði áður, með ákvörðun í máli nr. 2018/804, dags. 31. janúar 2019, komist að þeirri niðurstöðu að birting viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu Akraneskaupstaðar í tengslum við opið bókhald samrýmdist ekki eldri lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk þess sem öryggi við vinnslu persónuupplýsinga var ekki talið samrýmast 11. og 12. gr. laganna. Þá var gerð athugasemd við að vinnslusamningur hefði ekki verið gerður við KMPG ehf. í samræmi við 13. gr. laganna.

Með tölvupóstinum fylgdu drög að mati á áhrifum á persónuvernd vegna hinnar fyrirhuguðu vinnslu. Þar kemur fram að Akraneskaupstaður hyggist opna bókhald kaupstaðarins til að auka aðgengi að fjárhagsupplýsingum og skýra á myndrænan og einfaldan hátt ráðstöfun fjármuna hans. Akraneskaupstaður beri ábyrgð á vinnslunni og sé því ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

1.1. Lýsing fyrirhugaðrar vinnslu

Fram kemur í erindi Akraneskaupstaðar að opnun bókhalds kaupstaðarins feli einkum í sér aðgang að fjárhagsbókhaldi, afritun gagna yfir í vinnslugrunn, afstemmingu og útgáfustýringu gagna, afmáningu persónuauðkenna gagna í vinnslugrunni og útgáfu ópersónugreinanlegra gagna í opnu bókhaldi. Þær persónuupplýsingar sem unnið verði með séu nöfn, kennitölur, heimilisföng, starfsmannaupplýsingar á borð við starfsheiti, laun, viðveru og stéttarfélag, upplýsingar um vörukaup og þjónustu, símanúmer og tölvupóstföng. Flokkar skráðra séu íbúar og viðskiptavinir Akraneskaupstaðar, starfsmenn, birgjar, tengiliðir samstarfsaðila, verktakar og þjónustuaðilar.

Tilgangur vinnslunnar sé að veita íbúum, fjölmiðlum og öðrum, sem láti rekstur sveitarfélaga sig varða, aukinn og einfaldari aðgang að rekstrarupplýsingum í anda opins lýðræðis og gagnsæis hjá hinu opinbera. Vinnslan byggir á heimild í c-lið 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Öll vinnsla muni fara fram á starfsstöð ábyrgðaraðila, Akraneskaupstaðar.

Flæði gagna frá fjárhagskerfi Akraneskaupstaðar yfir í Power BI-skýjaþjónustu Microsoft, sem til stendur að nýta til að gera fjárhagsupplýsingar aðgengilegar á vefnum, er útlitað í mati á áhrifum á persónuvernd. Fram kemur að frumskráning gagna, þar sem finna megi persónugreinanleg gögn, fari